



LÍFSFERILL VATNSKATTARINS

Vatnsköttur er lirfa vatnabjöllu sem nefnist brunnskukka. Vatnskötturinn er langur og mjór og hefur áberandi liðskiptingu á líkamanum og öfluga bitkjálka. Hann klekst úr eggjum í vatni og hefur þar hamskipti þrisvar sinnum áður en hann púpar sig. Í púpunni fer fram fullkomin myndbreyting en það þýðir að hann er að breytast úr lirfu í fullorðin dýr sem lítur allt öðru vísi út en unginn.

Hjálpaðu vatnskettinum að púpa sig og breytast svo í brunnskukku.



www.frodleiksbrunnur.is

